



Dags. _____

Bréf til foreldra vegna skimunar stærðfræðierfiðleika með Talnalykli

Góðir foreldrar barna í _____ bekk.

Næstu daga verður lagt fyrir skimunarpróf í stærðfræði.

Talnalykill er staðlað og markbundið próf í stærðfræði sem skiptist í sjö prófþætti.

Skólaskrifstofa Austurlands hefur beitt sér fyrir því að próf séu lögð fyrir nemendur í 3. bekk í grunnskólum á Austurlandi.

Við skimun er reynt að finna þá nemendur sem eru í áhættu vegna stærðfræðiörðugleika þannig að bregðast megi við þeim í tæka tíð í skólunum. Prófið sem lagt er fyrir í upphafi er skriflegt hóppróf **reikningur og aðgerðir** en í kjölfarið er lagt fyrir einstaklingspróf ef niðurstöður hópprófsins benda til örðugleika.

Umsjónarkennari leggur hópprófið fyrir en ráðgjafi á Skólaskrifstofu Austurlands sér um skráningu og einstaklingsgreiningu ef þörf krefur.

Haft verður samband við foreldra ef nemandi þarf á nánari greiningu að halda.

Niðurstöður úr einstaklingsprófunum eru varðveittar sem trúnaðargögn á Skólaskrifstofu Austurlands.

Með kveðju,